

KJARVAL

15% afsláttur
Godá porrabakki

15% afsláttur
Porramatur í úrvali

Godá porramatur í fótu 1,2 kg

25% afsláttur
Godá saltkjöt ódýrt

Godá folaldakjöt saltað m/beini

399 KR. PR.
Grillborgarar með brauði 4 stk.

69 KR. STR.
Egils Pilsner 0,5 ltr.

35% afsláttur
Godá hangikjöt söðið

389 KR. KG.
Godá svið frosin

20% afsláttur
Merrild Cafe Noir eða Merrild 103.

149 KR. STR.
Quikbury formökur

3 FÝRIR 2
Líf 100% ávaxtasafi 1 ltr.

99 KR. STR.
Pepsi eða Pepsi Light

10% afsláttur
KEA skyr 500 grömm

129 KR. STR.
Myllan rúgbrauðskubbur

199 KR. PR.
Brelðholts-bakarí kleinur

399 KR. PR.
6 kist. brennslu-tími
GT sprittkerti 100 stykki

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Styrktarsöfnun vegna veikinda.

Eins og mörgum er kunnugt hefur Jón Þór Gunnarsson, sonur Gunnars Braga Jónssonar og Sigríðar D. Árnadóttur Sigtúni 4 í Vík, glímt við sjúkdóm í höfði til nokkurra ára og fór í enn eina aðgerð vegna hans, þann 21. janúar sl.

Sakir þess hve langvinn veikindin hafa verið og Jón Þór lengst af búið við skerta starfsorku af völdum þeirra hefur verið ákveðið að efna til fjársöfnunar til styrktar honum og fjölskyldu hans.

Reikningurinn er í Kaupþingi í Vík á nafni Jóns Þórs,

Kt. 220474-4379 Banki: 0317

Höfuðbók: 13

og reikningsnúmer: 770035

Það er eindregin von okkar sem að þessu stöndum að Mýrdælingar og raunar allir Sunnlendingar sjái sér fært að styðja Jón Þór á þessum erfiðu tímum.

Stuðningshópurinn

Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð.



Ég verð á Klaustri dagana **26. og 27. jan.**

(laugardag og sunnudag)

Áhugasamir pantið tíma í síma **587-2999** eða **866-0474**.

Sigrún Inga Birgisdóttir.

Handavinnudagurinn

25 manns mættu á handavinnudaginn 12. jan. sl. í Tunguseli. Jón Þorbergsson frá Hraunbæ las upp, Guðni Runólfsson frá Bakkakoti spilaði á harmonikku, þá var spiluð vist Margir mættu með handavinnunna sína. Var mikið fjör að sögn og fólk skemmti sér hið besta. S.


Íbúar Mýrdalshrepps athugið!

Helgina 25-26. janúar 2008 er áheitasundmaráðon fyrirhugað hjá Félagsmiðstöðinni OZ, tilefnið er söfnun í ferðasjóðinn. Maráðonið felst í því að krakkarnir ætla að skiptast á að synda stanslaust og reyna að synda samtals 50 km.



Áheitasundmaráðonið fer fram í sundlauginni í Vík. Áætlað er að krakkarnir syndi samtals um 50 km án þess að slíta keðjuna. Miðvikudaginn 23. og fimmtudaginn 24. janúar munu krakkarnir ganga í hús og safna áheitum.

Stöndum saman og styðjum við bakið á krökkunum okkar!



Victor Berg Guðmundsson

Íþróttafulltrúi

<http://oz.xblogg.is>

Eftirfarandi óskast.

Vantar í íbúð, sófasett, sófaborð, sjónvarp og þvottavél.

Ef þú getur séð af einhverju slíku notuðu, vinsamlega hafðu samband við Guðlaugu

í s. 868-1181



KÍKJA Á www.sko.barnaland.is

VITINN á www.sudurland.net

Eftirleiðis er það hún “Flötin”

Á undanförunum árum hefur verulega borið á því í ýmsum opinberum gögnum að nafn jarðarinnar, Skeiðflöt, væri rangkynjað, þ.e. verið skráð *hann* Flöturinn en ekki *hún* Flötin eins og á að vera. Hefur heimilisfang okkar þá verið þannig: *Eyþór Ólafsson Skeiðfleti; Sæunn Sigurlausgdóttir Skeiðfleti* Óskað var leiðréttingar hjá Þjóðskrá sem hefur samþykkt þessa leiðréttingu og þá eftir tilmælum sveitarstjórnar.

Ekki fékkst uppgafið hvernig þessi rangkynjun komst inn í Þjóðskrá. Ef til vill er þetta eitthvað í takt við tíðarandann.

En sem sagt eftirleiðis búum við á Skeiðflöt (ekki Skeiðfleti). E


Hrossaræktarfélag Skaftárhrepps auglýsir

Aðalfundur félagsins verður haldinn fimmtudaginn 24 janúar
kl: 20:30 á Geirlandi.

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

Allir velkomnir.

Stjórnin.



Þessa myndina tók Reynir Ragnarsson í jökulflugi 7. janúar sl. Reynir segir: *“Myndin er tekin niður með Rjúpnagilsbrúnum. Þarna hefur Rjúpnagilið verið að koma smám saman betur í ljós á síðustu árum en svo langt sem ég man var Kötlujökullinn alveg að Rjúpnagilsbrúnunum. Einhverntíma hefur þó gil þetta verið sýnilegt áður og þá fengið nafnið Rjúpnagil. Fróðlegt að vita hvort einhver núlifandi hefur séð þetta gil eða heyrt frá því sagt.”*

Vel sóttur fundur

Kynningarfundur um tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025 var haldinn í Leikskálum sl. mánudagskvöld. Góð mæting var á fundinn þar sem menn tókust all hraustlega á í skoðanaskiptum. En skoðanir eru skiptar um nýja veglínú. Nánar frá fundinum síðar. E.

Hugmyndaríkar konur
... athugið!

Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands auglýsir

Brautargengi

á Hellu í samstarfi við Atvinnuþróunar-
félag Suðurlands

fyrir konur með viðskiptahugmyndir sem vilja hefja eigin
atvinnurekstur

Markmið námskeiðsins er að þáttakendur

- * skrifi viðskiptaáætlun
- * kynnist grundvallaratriðum varðandi stofnun fyrirtækja
- * öðlist hagnýta þekkingu á mikilvægum þáttum í fyrirtækja rekstri, s.s. stefnumótun, markaðsmálum, fjármálum og stjórnun

Námskeiðið byggist upp á fyrirlestrum, verkefnavinnu og persónulegri handleiðslu og hentar jafnt konum sem eru að hefja rekstur og konum sem reka nú þegar fyrirtæki.

Kennsla hefst um miðjan febrúar 2008.

Nánari upplýsingar og skráning á vefsíðu Impra, www.impra.is, eða hjá Arnheiði Jóhannsdóttur verkefnisstjóra í síma 460 7974. arnheidurj@nmi.is



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands
Impra frumkvæðir og spróar

Kjörnefnd SVSK

hefur tekið til starfa og leitar að formannsefni fyrir Samand Vestur-Skaftfellskra kvenna. Eva Björk Harðardóttir er formaður Sambandsins í dag og hefur setið tvö kjörtímabil, hún gefur ekki kost á sér áfram

Formanskjör fer fram á aðalfundi SVSK í vor

Kvenfélagskonur, þið sem eruð tilbúnar til að gefa kost á ykkur í formannssætið vinsaml. hafið samband við undirritaðar

Kjörnefnd SVSK:

Kolbrún Hjörleifsdóttir	vs.	4871242
Ragnheiður Runólfsson	s.	4874790
Kristbjörg Hilmarsdóttir	s.	4871446



Suðurland bragðast best.....

...lystaukandi fyrirlestrar

*Vaxtarsamningur Suðurlands og Vestmannaeyja boðar til
málþings á
Hótel Selfossi 30. janúar 2008 klukkan 13:00-17:00
Markmið málþingsins er að hvetja
Sunnlendinga til þess að nýta matvælaframleiðslu í
heimabyggð*

- **13:00 – 13:10:** Málþingstjóri opnar og setur þingið
- **13:10 – 13:30:** Svanhildur Pálsdóttir, *Matarkista Skagafjarðar*
- **13:30 – 13:50:** Friðrik Valur Karlsson, *Klasamyndun í Eyjafirðinum*
- **13:50 – 14:00:** Hildur Magnúsdóttir, *Verslunin Borg, Hvað vilja neytendur?*
- **14:00 – 14:20:** Friðrik Eysteinnsson, sölu- og markaðsstjóri SS „Mörkun“ *vörumerkjastjórnun í matvælaframleiðslu*
- **14:20 – 14:40:** **Kaffi**
- **14:40 – 15:00:** Vilhjálmur Vernharðsson frá Möðrudal, *heimaframleiðsla reynslusaga*
- **15:00 – 15:20:** Gunnlaugur Karlsson – *blómleg verkefni*
- **15:20 – 15:40:** Ólöf Hallgrímsdóttir, *Verkefnið Beint frá Býli*
- **15:40 – 16:20:** Brynhildur Pálsdóttir/Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir - *Listaháskólinn, Stefnuþót hönnuða og bænda*
- **16:20 – 16:30:** Berglind Hallgrímsdóttir, *Samantekt og kynning á Vaxtarsamningi Suðurlands og Vestmannaeyja í tengslum við matarklasa*

Eftir málþingið verður boðið upp á kynningar á sunnlenskri matvælaframleiðslu

Málþingstjóri er Ingi Þór Jónsson

FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

431. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 17. janúar 2008 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn sveitarstjórnar. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnáði.

Gerðir fundarins:

Oddviti leggur til að fundargerð fundar foreldrafélags Leikskólans í Suður-Vík frá 13. janúar s.l. verði tekin á dagskrá undir lið III-7. Samþykkt.

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Engin fundargerð liggur fyrir undir þessum lið.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Engin erindi liggja fyrir undir þessum lið.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Frá fyrra fundi - frumvörp um grunn- og leikskóla.

Lögð fram drög að umsögn. Samþykkt að sveitarstjórn gefi sér tíma til miðvikudags. 23. janúar til að fara yfir drögin, verði um veigamiklar athugasemdir að ræða verði kallað til aukafundar en umsögn send með hugsanlegum breytingum ella.

B-listinn leggur fram bókun:

B-listinn gagnrýnir að framlagðar athugasemdir sveitarstjóra við frumvörpin skuli ekki hafa borist með fundargögnum, jafnframt telja fulltrúar B-listans að mikilvægt hefði verið að fræðslunefnd hefði lagt mat á frumvörpin.

D-listinn leggur fram bókun:

Frumvörpin voru lögð fyrir desemberfund sveitarstjórnar og hafa fulltrúar B-listans því haft rúman tíma til að mynda sér skoðun á efni þeirra,

2. Frá fyrra fundi - Frumvörp um framhaldsskóla og menntun og ráðningu kenn-

ara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Lögð fram drög að umsögn. Samþykkt að sveitarstjórn gefi sér tíma til miðvikudags. 23. janúar til að fara yfir drögin, verði um veigamiklar athugasemdir að ræða verði kallað til aukafundar en umsögn send með hugsanlegum breytingum ella.

3. Hættumat vegna ofanflóða - bréf Umhverfisstofnunar dags. 19. desember 2007. Sveitarstjórn tilnefnir Svein Pálsson og Grétar Einarsson til setu í hættumatsnefnd.

4. Aukaaðalfundur SASS og AFS.

Aukaaðalfundur vegna sameiningar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Atvinnuþróunarfélags Suðurlands fara fram föstudaginn 25. janúar n.k.

Þórhildur Jónsdóttir og Karl Pálmason fara með atkvæði Mýrdalshrepps, Sveinn og Elín til vara.

5. Þjónustusamningur um tölvur og tölvubúnað - bréf BVT ehf dags. 7. janúar 2008.

Með bréfinu segir BVT ehf upp þjónustusamningi sem gerður var frá 12. júní 2003.

Björgvini falið að kanna möguleika á endurnýjun samnings með hliðsjón af innkaupareglum.

6. Þjónustukort Rangárbings og Mýrdals.

Samþykkt að taka þátt í útgáfu kort ársins 2008 miðað við fyrirliggjandi forsendur.

7. Gjaldskrá leikskólans Suður-Vík.

Með hliðsjón af ábendingum foreldra leikskólanna og ályktunar fundar foreldrafélags leikskólans leggur D-listinn fram tillögu að breyttri gjaldskrá og vistunareglum þar sem tekið er tillit til sjónarmiða foreldra. Samkvæmt tillögunni má gera ráð fyrir að tekjur sveitarfélagsins af vistunargjöldum verði um 1 millj. kr. lægri en ella. Vistunargjöld standa þá undir um 18% af rekstrarkostnaði leikskólans.

Fyrirliggjandi drög að gjaldskrá og vistunareglum samþykkt. Tekið verður tillit til kostnaðarauka við endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Vegna áskorunar fundar foreldrafélagsins um að horfið verði frá öllum hugmyndum um að

Menningarráð Suðurlands

Auglýsing um verkefnastyrki til menningarstarfs á Suðurlandi 2008

Menningarráð Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um styrki á grunni samnings sveitarfélaga á Suðurlandi og menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis um menningarmál

" Veita á styrki til menningarstarfs og menningartengdrar ferðaþjónustu á Suðurlandi.

" Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Suðurlandi geta sótt um styrki til margvíslegra menningarverkefna en skilyrði er að umsækjendur sýni fram á mótframlag.

Menningarráðið mun ekki veita rekstrar-, stofnkostnaðar- eða endurbótastyrki. Ekki verður heldur styrkt skráning á menningarminum, starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir, almennar samkomur, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla.

Umsóknarfrestur er til og með 29.febrúar 2008. Ætlunin er að tilkynna um úthlutun um miðjan mars.

Umsóknum skal skilað til Menningarráðs Suðurlands á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu SASS www.sudurland.is/sass . Hér er einnig að finna stefnu sveitarfélaga á Suðurlandi í menningarmálum og úthlutunarreglur.

Allar nánari upplýsingar veitir Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi Suðurlands, í síma 480-8207, 896-7511 eða með tölvupósti menning@sudurland.is. Menningarfulltrúi verður til viðtals í öllum sveitarfélögum. Dagsetningar verða tilkynntar á hverjum stað og á heimasíðu SASS.

Umsóknir skal senda, í tölvupósti eða í ábyrgðarpósti, til Menningarráðs Suðurlands, Austurvegi 56, 800 Selfoss

eða á menning@sudurland.is.

Menningarráð Suðurlands

Nöfn fermingarbarna og dagsetningar ferminganna í Mýrdal 2008

6. apríl 2008 - 2. sunnudagur eftir páska: kl. 13:30

Guðsþjónusta í Víkurkirkju - FERMING - Altarisganga

Prestur er séra Haraldur M. Kristjánsson

Fermd verða: Ástþór Hermannsson Gilsbakka 5 Hvolsvelli Birkir Grétarsson Þórissholti Jóna Þórey Árnadóttir Austurvegi 19 Ingibjörg Matthíasdóttir Suðurvíkurvegi 6 Magdalena Katrín Sveinsdóttir Suðurvíkurvegi 8a Ragnar Kristinsson Sunnubraut 5

27. apríl 2008 - 5. sunnudagur eftir páska: kl. 13:30

Guðsþjónusta í Skeiðflatarkirkju – FERMING - Altarisganga

Prestur er séra Haraldur M. Kristjánsson

Fermd verða: Guðlaug Lilja Sævarsdóttir Brekkum IV Sólon Helgi Jóhannsson Eyjarhólum Vigdís Eva Steinþórsdóttir Ási

3. Bréf frá félagsmálaráðuneytinu 5. desember 2007: Um barnaverndaráætlun.

IV. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl 20:10.

Næsti sveitarstjórnarfundur er ráðgerður 11. febrúar 2008 kl 16:00.

Jóna S. Sigurbjartsdóttir, oddviti, Elín Heiða Valsdóttir, varaoddviti, Sverrir Gíslason, Jóhannes Gissurarson, Gísli Kjartansson



VÍSA VIKUNNAR

Allt sem þú vilt þér af öðrum sé gert öðrum þú sjálfur skalt gera. Því frelsari þinn hefur boðið svo bert og beðið að svo skyldi vera.

Þegar Guðrún Haraldsdóttir frá Kerlingardal var í skóla hjá Þorsteini Einarssyni á Höfðabrekku, kenndi hann börnunum þessa heilræðavísu og stóð hún ásamt fleirum í þeirri meiningu að hann væri höfundurinn, að sögn Guðrúnar. Ef einhver sem þetta les, veit betur, þá vinsaml. hafið samband. Þorsteinn fæddist í Suður-Hvammi 1890 og lést í Reykjavík 1965. Hann bjó á Höfðabrekku 1922-1939 og annaðist á þeim tíma kennslu barna fyrir austan heiði eins og sagt var í þá daga. Það voru bæirnir Bólstaður, Fagridalur, Kerlingardalur og Höfðabrekka sem heyrðu undir þessa nafngift. E.

Erum að mála gólf

Lokað fimmtudag, föstudag og laugardag 24. – 26. janúar í leikfanga og gjafavörudeildum.

Opið þessa daga á loftinu og öðrum deildum.

Fatnaður fyrir þorablótin



VÍK Í MÝRDAL SÍMI: 487-1223

nýta aðstöðu í áhaldahúsi fyrir leikskólann og þess í stað verði horft til byggingar nýs húsnæðis í tengslum við grunnskóla og íþróttamiðstöð leggur D-listinn fram eftirfarandi bókun:

"Í stefnuskrá D-listans í Mýrdalshreppi við síðustu sveitarstjórnarkosningarnar er m.a. gert ráð fyrir að lagfæra leiksvæði leikskólans og að auka við húsnæðið með því að koma upp kennslustofu í núverandi áhaldahúsi. Að mati D-listans rúmast nýbygging leikskóla ekki innan þriggja ára fjárhagsáætlunar þar sem önnur brýn verkefni eru framar í forgangsröðuninni s.s. endurbygging hjúkrunarrýma og annarrar aðstöðu á Hjallatúni, sjóvörn í Víkurfjöru og gagnagerð svo eitthvað sé nefnt. Um leið er ljóst að aðstaða skólabarna og starfsmanna leikskólans er tæpast fullnægjandi og því eru ofangreindar hugmyndir um úrbætur uppi. Ákvörðun hefur hins vegar ekki verið tekin og verður ekki tekin nema að höfðu samráði við foreldra og starfsfólk."

B-listinn leggur fram bókun:

Fulltrúar B-listans gagnrýna að drög að breyttri gjaldskrá leikskólans og breytingum á vistunarreglum hafi ekki borist með fundargögnum. B-listinn fagnar viðsnúningi D-listans varðandi gjaldskrá leikskólans en hefði viljað sjá gengið lengra. Þá er það skoðun B-listans að breytingar á gjaldskrá og vistunarreglum hefðu átt að fá umfjöllun í fræðslunefnd áður en sveitarstjórn tæki endanlega ákvörðun. Þá taka fulltrúar B-listans heilshugar undir áskorun foreldrafélags leikskólans þar sem m.a. kemur fram áskorun á sveitarstjórn að mynda heildstæða stefnu í málefnum leikskólans. Jafnframt að horfið verði frá öllum hugmyndum um að nýta aðstöðu í áhaldahúsi Mýrdalshrepps fyrir leikskólann og að leikskólinn verði til framtíðar byggður upp við hlið grunnskólans.

8. Ketilsstaðaskóli.

Á fundi sem haldinn var um málefni Ketilsstaðaskóla 7. janúar s.l. voru kynntar

hugmyndir um breytta notkun húsnæðisins í þá veru að félögin í ytri hluta Mýrdalshrepps fengju mestan hluta viðbyggingar til afnota en aðrir hlutar skólahúsnæðisins verði auglýstir til leigu með fyrirvara um viss afnot félaganna. Tillagan fékk jákvæðar undirtektir hjá fundarmönnum. Sveitarstjóra er falið að auglýsa umræddan hluta hússins til leigu.

9. Fasteignagjöld.

Trúnaðargögn lögð fram til kynningar.

10. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2009-2011.

Fyrri umræða um þriggja ára fjárhagsáætlun 2009-2011 fór fram 20. desember 2007.

Gert er ráð fyrir svipuðum rekstri á tímabilinu, eignfærðum fjárfestingum upp á 37 millj. kr. lántökum upp á 20 millj.kr. og afborgunum af langtímalánum upp á 43 millj. kr. Gert er ráð fyrir töluverðri hækkun á handbæru fé á tímabilinu.

Þriggja ára fjárhagsáætlun 2009-2011 samþykkt með 3 atkvæðum (SP, ÞJ, BJ). Tveir sitja hjá (EE, KP).

11. Starfsmannamál.

a) D-listinn leggur fram eftirfarandi tillögu: Sveitarstjóra er falið að auglýsa eftir íþrótt- og tómsundafulltrúa í stað Victors Bergs Guðmundssonar sem sagt hefur stöðu sinni lausri. Gert er ráð fyrir að íþrótt- og tómsundafulltrúi verði forstöðumaður íþróttamannvirka, félagsheimilis og félagsmiðstöðvar. Victori eru færðar bestu þakkir fyrir störf sín í þágu Mýrdalshrepps og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi. Samþykkt með 3 atkvæðum (SP, ÞJ, BJ). Tveir sitja hjá (EE, KP),

B-listinn leggur fram bókun:

B-listinn tekur undir þakkir til Victors fyrir störf hans hjá sveitarfélaginu. Þar sem ekki liggur fyrir starfslýsing, starfshlutfall eða kostnaður við starf íþrótt- og tómsundafulltrúa sem auglýsa á, treysta fulltrúar B-listans sér ekki til að samþykkja tillögu D-listans. Þá ítreka fulltrúar B-listans þá skoðun sína að nauðsynlegt sé að setja á fót nefnd sem fer með heildar stefnumörkun í þessu málaflökki hjá sveitarfélaginu.

b) Fært í trúnaðarbók.

IV. Efni lagt fram til kynningar:

1. Fundargerð 409. fundar stjórnar SASS frá 19. desember 2007.
2. Fundargerð 104. fundar heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 18. desember 2007.
3. Fundargerð 17. fundar barnaverndarnefndar frá 31. október 2007.
4. Bréf Umhverfisstofnunar v/ refa- og minkaveiða dags. 14. desember 2007.
5. Bréf Samgönguráðuneytis dags. 28. desember 2007.
6. Fjárhagsáætlun Green Globe í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslum bs. fyrir árið 2008.
7. Fjárhagsáætlun Hulu bs fyrir árið 2008.
8. Fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu fyrir árið 2008.
9. Bréf Félagsmálaráðuneytis dags. 4. janúar 2008.
10. Uppgjör framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 2007.
11. Landsráðstefna Staðardagskrár 21 - bréf dags. 11. janúar 2008.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:55

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Björgvin Jóhannesson varaoddviti, Elín Einarsdóttir Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason

Kirkjuskólinn í Mýrdal

Minni á samveru kirkju-
skólans í Mýrdal næsta
laugardag í Víkurskóla,
kl. 11:15.

Sóknarprestur

FUNDARGERÐ SKAFTÁRHREPPS

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundar mánudaginn 14. janúar 2008. Fundur hófst kl. 1600 í ráðhúsi Skaftárhrepps. Þetta er 288. fundur sveitarstjórnar, fyrsti fundur ársins 2008.

Fundargerð er tölvuskráð af Bjarna Daníelssyni, sveitarstjóra.

Mættir: Jóna Sigurbjartsdóttir, oddviti, Elín Heiða Valsdóttir, varaoddviti, Sverrir Gíslason, Gísli Kjartansson og Jóhannes Gissurarson.

Oddviti býður fundarmenn velkomna og tilkynnir að Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi sveitarfélagsins muni koma á fundinn til að taka þátt í umræðum um fjárhagsáætlun 2008 og að sá dagskrárlíður verði þá tekinn fyrir.

Athugasemd er gerð við fundargerð frá 10. desember 2007, en þar láðist að bóka að endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007 hefði verið samþykkt. Það hér með bókað. Þetta samþykkt og gengið til dagskrár.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Endurnýjun yfirdráttarheimildar Skaftárhrepps hjá Kaupþingi
Sveitarstjórn samþykkir að yfirdráttarheimild hreppsins að upphæð 10 mkr hjá Kaupþingi banka verði endurnýjuð fyrir árið 2008.

2. Bréf frá Alþingi 12. desember 2007: Óskað umsagnar um frumvörp til laga um grunnskóla og leikskóla. Málinu vísað til fræðslunefndar.

3. Bréf frá Alþingi 12. desember 2007: Óskað umsagnar um frumvörp til laga um framhaldsskóla og um menntun og ráðningu kennara og skólastjóra.

Málinu vísað til fræðslunefndar.

4. Samstarf sveitarfélaga í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu um eldvarnareftirlit og slökkvilið; Tillögur vinnuhóps 18. desember 2007.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að unnið verði áfram að stofnun byggðasamlags um eldvarnareftirlit og slökkvilið eins

og tillögur vinnuhópsins gera ráð fyrir.

5. Bréf frá umhverfisráðuneytinu 19. desember 2007: Óskað tilnefningar í nefnd um hættumat vegna ofanflóða á Kirkjubæjarklaustri.

Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að sitja í þessari nefnd fyrir hönd sveitarfélagsins.

6. Bréf frá SASS 3. janúar 2008: Fundarboð á aukaaðalfundi SASS og APS 25. janúar 2008. Kjörbréf.

Oddvita og varaoddvita falið að sitja fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins. Til vara Gísli Kjartansson og Sverrir Gíslason.

7. Bréf frá Skipulagsstofnun 8. janúar 2008: Beiðni um nánari skýringar á afstöðu Skaftárhrepps til athugasemda sem fram hafa komið um breytingu á aðalskipulagi í landi Dalshöfða vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Hnútu.

Sveitarstjóra falið að afgreiða málið í samráði við skipulags- og byggingarnefnd.

8. Bréf frá Landgræðslu ríkisins 8. janúar 2008: Tilkynning um lok uppgæðslu við Atley á Álftaversafrétti.

Sveitarstjórn staðfestir móttöku bréfsins og þakkar gott samstarf við Landgræðsluna um þetta verkefni.

9. Lögbirtingablaðið 100 ára: Boð í afmælisveislu 18. janúar 2008.

Sveitarstjórn staðfestir móttöku boðsbréfsins.

10. Gjaldskrá fyrir hundahald í Skaftárhreppi 2008.

Sveitarstjórn staðfestir gjaldskrána með fyrirvara um samþykki heilbrigðisnefndar Suðurlands.

11. Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Skaftárhreppi 2008.

Sveitarstjórn staðfestir gjaldskrána með fyrirvara um samþykki heilbrigðisnefndar Suðurlands.

12. Klausturhólar; Tilnefning formanns rekstrarnefndar

Í nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 sem tóku gildi 1. september 2007 er ekki gert ráð fyrir að sérstök rekstrarstjórn starfi við heilbrigðisstofnanir. Rekstrarnefnd Klausturhóla verður starfrækt þar til fullljóst verður hvernig stjórnarsýslu stofnana eins og Klausturhóla verði háttað, en þar er einnig um að ræða dvalarheimili auk þess sem eignarhald skiptist

milli ríkis og sveitarfélags. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gegna formennsku í rekstrarnefndinni til bráðabirgða.

13. Fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2008 - síðari umræða.

Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi, kemur á fundinn. Hann gerir grein fyrir forsendum áætlunar og fer yfir einstaka liði.

Fjárhagsáætlun 2008 fyrir samantekin reikningsskil A- og B-hluta gerir ráð fyrir að skatttekjur verði 140,4 mkr, framlög Jöfnunarsjóðs 113 mkr og aðrar tekjur 42,7 mkr. Laun og launatengd gjöld eru áætluð 111 mkr, önnur rekstrargjöld 123,6 mkr og afskriftir 16,9 mkr. Niðurstaða án fjármagnsliða er áætluð jákvæð 44,6 mkr, rekstrarniðurstaða í heild 30,8 mkr.

Eignir eru samtals áætlaðar 558,4 mkr, skuldir og skuldbindingar 252,7 mkr og eigið fé því 305,7 mkr. Veltufé frá rekstri er áætlað 57,4 mkr.

Einari Sveinbjörnssyni er þökkúð greinargóð yfirferð og vikur hann af fundi.

Fjárhagsáætlun 2008 samþykkt samhljóða.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. Fundur í atvinnumálanefnd 9. janúar 2008 Fundargerð samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 17. fundur barnaverndar. Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu 6. desember 2007.

2. Samráðsfundur fámennra sveitarfélaga 17. desember 2007.

3. 70. fundur Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu 18. desember 2007.

4. 104. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands 18. desember 2007.

5. 409. fundur stjórnar SASS 19. desember 2007.

6. 6. fundur stýrihóps Byggðasamlags Green Globe 21 í Rangárvalla- og Skaftafellssýslu 11. desember 2007.

7. Aukafundur Byggðasamlags Green Globe 21 í Rangárvalla- og Skaftafellssýslu 11. desember 2007.

IV. Annað kynningarefni.

1. Bréf frá samgönguráðuneytinu 28. desember 2007: Breytingar á Stjórnarráðinu.

2. Bréf frá Skipulagsstofnun 7. desember 2007: Námur, framkvæmdaleyfi og mat á umhverfisáhrifum.